



Reykjavík, 4. nóvember 2021

SFS2021090310

218. fundur

HG/gs/áb

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum í skóla- og frístundaráði varðandi óánægju foreldra í Fossvogsskóla og flutning barna milli skóla

Á 216. fundi skóla- og frístundaráðs, 28. september 2021 lagði áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskólum í skóla- og frístundaráði fram svohljóðandi fyrirspurn:

Stjórn Foreldrafélags Fossvogsskóla hafa borist nokkrar tilkynningar frá foreldrum um flutning barna úr Fossvogsskóla vegna stöðunnar í skólanum, þ.m.t. húsnæðis, stjórnunarháttar og samskiptaleysis. Einnig var foreldrafélaginu tilkynnt að margir foreldrar hafi haft beint samband við skóla- og frístundasvið um óánægju með málefni Fossvogsskóla. Hversu margar tilkynningar hafa borist til skóla- og frístundasviðs vegna óánægju með málefni Fossvogsskóla? Hversu mörg börn hafa hætt í Fossvogsskóla síðustu tvö skólaár skipt á milli ára? Er vitað hversu margir nemendur í hverfinu eru í einkareknum skólum, eins og t.d Ísaksskóla, Landakotsskóla eða Suðurhlíðaskóla eða í öðrum almennum skólum utan hverfis?

Svar:

Hversu margar tilkynningar hafa borist til SFS vegna óánægju með málefni Fossvogsskóla?

Ekki hefur farið fram talning á fjölda tilkynninga um óánægja og liggja upplýsingarnar því ekki fyrir.

Hversu mörg börn hafa hætt í Fossvogsskóla síðustu tvö skólaár skipt á milli ára? Er vitað hversu margir nemendur í hverfinu eru í einkareknum skólum, eins og t.d Ísaksskóla, Landakotsskóla eða Suðurhlíðaskóla eða í öðrum almennum skólum utan hverfis?

Á núverandi skólaári 2021-2022 hefur einn nemandi hætt í Fossvogsskóla. Skólaárið 2020-2021 hættu 22 nemendur í Fossvogsskóla, þar af voru 17 nemendur með lögheimili í skólahverfinu. Skólaárið 2019-2020 hættu 11 nemendur í Fossvogsskóla, þar af voru 2 nemendur með lögheimili í skólahverfinu. Skólaárið 2018-2019 hættu 24 nemendur í Fossvogsskóla, þar af voru 7 nemendur með lögheimili í skólahverfinu. Skólaárið 2017-2018 hættu 15 nemendur í Fossvogsskóla, enginn þeirra með lögheimili í skólahverfinu.

85 nemendur sem eru með lögheimili í skólahverfi Fossvogsskóla sækja aðra skóla en Fossvogsskóla eða 22% nemenda. Til samanburðar var hlutfallið 25% í öllum

grunnskólum Reykjavíkurborgar vorið 2021, þ.e.a.s. í borginni allri var fjórðungur barna á grunnskólaaldri í öðrum skóla en hverfisskóla.